



# Skóla- og frístundanevnd

Skóla- og frístundamál barna er burðarstólpi þjóðfélagsins til framtíðar. Mikilvægt er að vel sé búið að uppvaxtarárum hvers einstaklings.

Málaflokkurinn hefur átt undir högg að sækja undanfarin ár og er sú ringulreið sem ríkir í leik- og grunnskólamálum hér á landi, og ekki síst í Reykjavíkurborg, öllum ljós. Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík ætlar sér að vera leiðandi afl í málaflokknum og grípa til tafarlausra aðgerða til þess að bregðast við vandanum, sem er fjölþættur.

Jöfn tækifæri eru leiðarstef sjálfstæðisstefnunnar og í því felst m.a. að hvorki efnahagur né félagsleg staða hafi áhrif á tækifæri barna.

Fjölskyldan er grunneining samfélagsins og kerfi borgarinnar þurfa að taka mið af henni.

Eftirfarandi eru lykiláherslur Sjálfstæðisflokksins sem munu skila verulegum árangri og snúa vörn í sigur:

## 1. Brúum bilið!

Fé fylgi barni heim: Greitt verði með börnum sem ekki fá pláss á leikskóla að loknu fæðingarorlofi og til foreldra sem kjósa að vera lengur heima með börnunum sínum. Auka þarf sveigjanleika foreldra til töku fæðingarorlofs þannig að foreldrar hafi frelsi til að ráðstafa því sín á milli.

## 2. Öflugir leikskólar

Biðtími eftir leikskólapláss verði stytur og tekið á mönnunarvanda og starfsumhverfi í leikskólum með meiri sveigjanleika en núverandi tillögur starfshóps borgarinnar fela í sér.



Í þeim efnum er hægt að horfa til annarra sveitarfélaga og sjálfstætt starfandi leikskóla þar sem vel hefur gengið. Ráðast þarf í átak sem felur í sér að koma öllu starfsfólki leikskóla á B2\* stig í íslensku.

### 3. Öflugir grunnskólar

Samræmd próf úr öllum hæfniviðmiðum aðalnámskrár verði tekin upp að nýju í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Þrýst á að aðalnámskrá verði endurgerð og að einkunnakerfi á kvarðanum 0-10 verði tekið upp aftur. Þá verði PISA-niðurstöður skóla birtar.

Starfsfólki leik-, grunnskóla og frístunda verði gert kleift að bæta mannauð sinn og helga sig skólastarfinu til að bæta árangur og minnka kostnað. Auka þarf aga því börn eiga rétt á að nema í friðsamlegu umhverfi, ofbeldisumhverfi stuðlar að verri námsárangri og líðan. Ofbeldi á ekki að líðast í skólum. Fjármagn fylgi barni óháð rekstrarformi og þá sameiginleg gjaldskrá til að valfrelsi fjölskyldna sé óháð efnahag.

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík leggur áherslu á þátttöku í TIMMS rannsókninni sem veitir alþjóðlegan samanburð á námsárangri mun fyrr en PISA. Settar verði á stofn móttökudeildir/skólar fyrir erlend börn og þau fái markvissa íslenskukennslu.

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík telur nauðsynlegt að auka hreyfingu reykvískra skólabarna. Þá leggur Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík áherslu á símaleysi í skólum, minni snjalltækjanotkun og markvissari reglur þar að lútandi.

### 4. Öflug frístund, félagsmiðstöðvar og tómstundastarf

Mikilvægt er að listnám barna og ungmenna verði eftir enda eru skapandi greinar ein af forsendum velferðar og verðmætasköpunar framtíðarinnar. Auka þarf samþættingu skólastarfs og hverskonar íþróttar-, tónlistar-, menningar- og tómstundastarfs.



Börn komist á milli staða fljótt og örugglega og geti sem best stundað allt það starf fyrir utan skóla sem mögulegt er.

Mikilvægt er að hlúa áfram vel að starfi frístundar og félagsmiðstöðva sem eru griðastaðir margra barna. Þá þarf að hlúa að þeim aldurshópum sem ekki falla undir hefðbundið frístundar- og félagsmiðstöðvastarf; miðstig grunnskóla og ungmenni á aldrinum 16 – 18 ára.

## **5. Bragarbót á húsnæðismálum grunn- og leikskóla**

Aðkallandi er að ráða bót á húsnæðismálum skólanna og frístundar þannig vinnuaðstaða barna og starfsfólks sé örugg og heilnæm.

**Samþykkt á Reykjavíkurbíngi, 22. nóvember 2025**